

Grönmark gegn Finnlandi og Backlund gegn Finnlandi

Dómar frá 6. júlí 2010

Mál nr. 17038/04 og nr. 36498/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Faðernismál. Málshöfðunarfrestir.

1. Málsatvik

Kærendur eru finnskir ríkisborgarar sem fæddust utan hjónabands. Maarit Grönmark árið 1968 og Sven Backlund árið 1937. Finnskir dómstólar höfnuðu kröfum þeirra um að faðerni þeirra yrði viðurkennt með vísan til laga sem kváðu á um að faðernismál barna sem fæddust áður en lögin tóku gildi árið 1976 hefði þurft að höfða fyrir árið 1981. Lögin mæltu einnig fyrir um að ekki væri hægt að höfða mál til viðurkenningar á faðerni eftir að meintur faðir væri látinn. Af þessum sökum gátu kærendur ekki fengið viðurkenningu á faðerni sínu.

Faðir Maarit Grönmark hafði greitt meðlag með henni þar til hún varð lögráða. Bæði Maarit og móðir hennar höfðu af þessum sökum talið að faðernið hefði í raun verið viðurkennt að lögum. Maarit komst hins vegar að því þegar faðir hennar, R.J., lést árið 1999 að svo var ekki. DNA-próf sýndi að 99,8% líkur voru á að Maari væri barn R.J. Engu að síður var faðernismáli hennar vísað frá finnskum dómstólum með vísan til þess að málshöfðunarfrestur var liðinn. Hæstiréttur Finnlands staðfesti niðurstöðuna í nóvember 2003.

Í maí 2002 höfðaði Sven Backlund dómsmál til að fá viðurkennt að N.S. væri faðir hans. DNA-próf sýndi að 99,4% líkur voru á að svo væri. Dómstólar vísuðu kröfunni frá með vísan til þess að málshöfðunarfrestur var liðinn. Hæstiréttur Finnlands hafnaði áfrýjunarbeiðni Sven árið 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að málshöfðunarfrestur sem mælt var fyrir um í lögunum frá 1976 bryti gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þeim væri ekki mögulegt að fá faðerni þeirra viðurkennt þrátt fyrir skýrar niðurstöður DNA-prófa.

Niðurstaða

Dómstóllinn rakti að hann hefði áður fallist á að heimilt væri að setja fresti til að höfða faðernismál enda tryggðu slíkar takmarkanir ákveðna lagalegu vissu og festu í fjölskyldumálefnum. Hann benti einnig á að ekki væru samræmdar reglur í aðildarríkjum hvað þetta atriði varðaði, en lagaleg þróun væri í þá átt að taka meira tillit til réttinda barna til að fá viðurkenningu á því hverjir foreldrar þeirra væru. Finnsku lögin tækju tillit til hagsmuna þeirra barna sem ættu feður sem hefðu gengist við faðerni sínu eftir gildistöku laganna og þeirra sem hefðu náð að höfða mál innan málshöfðunarfresta eldri laga. Dómstóllinn benti á að Maarit Grönmark hefði ekki verið mögulegt að höfða mál enda hefði hún verið mjög ung að árum þegar málshöfðunarfrestur rann út. Dómstóllinn taldi að Sven Backlund hefði verið nægilega gamall til að geta höfðað slík mál en taldi frestinn hafa verið afar skamman í ljósi þeirra erfiðleika sem fólk á þeim tíma stóð frammi fyrir ef það vildi sýna fram á faðerni sitt.

Enn fremur benti dómstóllinn á að skilyrði finnskra laga væru ósveigjanleg þrátt fyrir þau traustu sönnunargögn sem lágu fyrir í málum kærenda sem voru niðurstöður DNA-prófa. Engin lagaleg úrræði væru til staðar fyrir kærendur fyrst málshöfðunarfrestur laganna frá 1976 væri liðinn. Dómstóllinn taldi að fortakslaus beiting finnskra dómstóla á lögunum frá 1976, óháð kringumstæðum í hverju máli, bryti gegn réttindum kærenda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 6 þúsund evrur í miskabætur.